

Nd.

166. Frumvarp til laga

[12. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. nóv.)

1. gr.

Inntaka og skrásetning nemenda.

4. gr. orðist svo:

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, og menntamálaráðuneytið fellst á það.
2. Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan prófi. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar.
3. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfni-prófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslensku og fleiri greinum.
4. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu nemenda, og eru þeir einir taldir nemendur skólans, er hafa skráð sig til náms. Skrásetningargjöld skulu háð samþykki skólaráðs og menntamálaráðherra.
5. Ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu má setja í reglugerð. Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem skólaráð ákveður.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.

2. gr.

6. gr. orðist þannig:

Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádrögnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

- I. Uppeldisgreinar, 4 hlutir.
- II. Námsgreinar grunnskóla.
 - a) Kjarni, 4 hlutir.
 - b) Valgreinar, 4 hlutir.

Nemendur velji 2 bóklegar greinar eða eina list- og verkgrein.

Skólaráð getur heimilað nemendum að auka við sig námi í valgrein.

- III. Verklegt nám, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur hið minnsta. Saman skal fara, eftir því sem við verður komið, samstillt og hnitmiðað nám í námsgreinum grunnskólans og uppeldisgreinum, einkum kennslufræði. Verklega námið fer fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum og stofnunum, eftir því sem þörf krefur.
- IV. Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er unnt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annar- eða vetrarlangt.

3. gr.

Aftan við 12. gr. komi ný málsgrein:

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentstöðu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim, sem innritast hafa í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara, er heimilt að velja hvort þeir stunda nám samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1971 eða ákvæðum þessara laga.